

Nr. 38.
16.
nóvbr.

Lög

um

stofnun lagaskóla á Íslandi.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 3 gr. í lögum 16. nóvember 1907 um breyting
á lögum 4. marz 1904 um stofnun lagaskóla höfum látið semja
texta síðar nefndra laga með þeim breytingum, sem nefnd lög
16. nóvember 1907 innihalda, og gefum hann hjer með út sem

lög um stofnun lagaskóla á Íslandi.

1. gr.

Í Reykjavík skal stofnaður lagaskóli.

2. gr.

Við skóla þennan skulu vera tveir fastir kennarar skipaðir af konungi. Annar
er jafnframt forstöðumaður skólans og hefur að launum 4,000 krónur á ár. Hinn hefur
að launum 2,800 krónur.

3. gr.

Ráðherrann semur reglugjörð fyrir skólann, og skal þar, auk hins venjulega
prófs yfir nemendum skólans, skipa fyrir um aukapróf fyrir fullnuma frá Kaupmanna-
hafnarháskóla, sem öðlast vilja rjett til embætta hjer á landi.

4. gr.

Þeir einir, sem leysa af hendi próf við skólann, eiga aðgang að embættum þeim
hjer á landi, er lögfræðingar skipa. Þó nær ákvæði þetta eigi til þeirra manna, sem
tekið hafa lögfrædispróf við Kaupmannahafnarháskóla, áður en 3 ár eru liðin frá því
er lagaskólinn tekur til starfa.

5. gr.

Öll útgjöld til skólans greiðast úr landssjóði.
Skólinn tekur til starfa þegar fje er veitt til hans á fjárlögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 16. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Oprettelse af en Lovskole i Island.

Nr. 38.
16.
Novbr.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: At Vi i Henhold til § 3 i Lov af 16. November 1907 om Forandring af Lov 4. Marts 1904 om Oprettelse af en Lovskole have ladet affatte Teksten af sidstnævnte Lov, ændret saaledes som ovennævnte Lov af 16. November 1907 medfører det og herved udfærdige den som

Lov om Oprettelse af en Lovskole i Island.

§ 1

I Reykjavik skal der oprettes en Lovskole.

§ 2.

Ved denne Skole skal der være ansat to af Kongen beskikkede faste Lærere. Den ene af disse er tillige Skolens Forstander og har 4,000 Kr. i aarlig Lønning. Den anden har 2,800 Kr. i Lønning.

§ 3.

Ministeren affatter et Reglement for Skolen, og skal der foruden den regelmæssige Eksamen for de Studerende ved Skolen forordnes en Ekstraprøve for Kandidater fra Københavns Universitet, som maatte ønske at erhverve Ret til Embeder her i Landet.

§ 4.

Alene de, som absolvere Eksamen ved Skolen, have Adgang til juridiske Embeder her i Landet. Denne Bestemmelse gælder dog ikke dem, som have absolveret juridisk Attestats ved Københavns Universitet, inden 3 Aar ere forløbne, efter at Lovskolen har begyndt sin Virksomhed.

§ 5.

Alle Udgifter til Skolen udredes af Landskassen.

Skolen begynder sin Virksomhed, naar der paa Finansloven er bevilget Penge til den.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 16. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.